

Reykjavík, 1.11.2019.

**Efni: Framkvæmdaáætlun jafnréttismála fyrir árin 2020 – 2023 á þskj. 102 – 102. mál. Umsögn frá Bandalagi háskólamanna (BHM).**

BHM fagnar því að fyrir liggi ný framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Áætlunin er sem slík mikilvægt tæki til að stuðla að auknu jafnrétti í samfélaginu. Það er einnig gott að sjá tiltekinn kostnað vegna hvers verkefnis. BHM gengur út frá því sem vísu að öll verkefni í framkvæmdaáætluninni séu fjármöggnuð og stofnanir rétt mannaðar m.t.t. þeirra.


Athygli þingmanna í allsherjar- og menntamálanefnd er vakin á mikilvægu hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna (sjá A. 3 og 5). Eigi störf jafnréttisfulltrúanna að skila árangri er nauðsynlegt að hlutverk þeirra sé miðlægt í stefnumótun og ráðgjöf vegna ákvarðanatöku stjórnvalda. Í þessu sambandi má spyrja hvaða hlutverki jafnréttisfulltrúar, t.d. í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, gegni við að samþætta kynjasjónarmið við gerð kjarasamninga?

Ekki er gerð athugasemd við að áfram skuli unnið að þróun jafnlaunastaðalsins (sjá B 8). Hróður hans hefðu borist víða um heim og stundum hefur mátt ætla að fullu jafnrétti væri náð á Íslandi. BHM bendir þingmönnum góðfúslega á að innleiðing jafnlaunavottunar á vinnumarkaði leysir ekki allan vanda og er heldur ekki trygging fyrir því að misrétti í launum kynjanna sé útrýmt. Innleiðingunni verð að fylgja fjármunir til ríkisstofnana sem á þurfa að halda svo að hægt sé að leiðrétta launasetningu hópa í samræmi við innleiðinguna. Þróa á hugbúnað fyrir stofnanir og fyrirtæki vegna innleiðingar jafnlaunastaðalsins. Það verður að teljast til mikilla bóta.

BHM styður endurreisn aðgerðahóps um launajafnrétti á vinnumarkaði (sjá B 9.a) enda vann hópurinn gríðargott starf á árunum 2012 – 2018. Bandalagið fagnar því einnig sérstaklega að gera eigi löngu tímabæra rannsókn á launamun kynjanna (sjá B 9.b). Það má teljast þjóðþrifamál að vinna gegn kynbundnu náms- og starfsvali (sjá B 9.c) en í áætluninni má einnig finna fleiri gagnleg verkefni á þessu sviði, s.s. um jafnrétti innan lögreglunnar (C 14) og um jafnrétti í skólastarfi (D 15).

Bandalag háskólamanna styður að sjálfsögðu lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og mundi kjósa að hún kæmist til framkvæmda strax (sjá B 11). BHM ítrekar mikilvægi þess að svokallað greiðsluþak úr fæðingarorlofssjóði sé hækkað. Sýnt er að það hefur bein áhrif til fjölgunar þeirra feðra sem taka fæðingarorlof með börnum sínum.

Að síðustu tekur BHM undir nauðsyn þess kanna ástæður brotthvarfs kvenna úr vísindastarfi (sjá D 17.2). Fulltrúar BHM eru að sjálfsögðu tilbúnir til að mæta á fund nefndarinnar til að fylgja umsögninni eftir.

Virðingarfyllt,  
  
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM